

in, sem elskið ljósið. Ekki langar ykkur til þess að gera myrkrið meira í heiminum—vera með honum, myrkra-höfðingjánnum, sem alt ljóta myrkrið kemur frá. Nei, það nær engri átt! *Sólskin—mikið sólskin—viljið þið búa til.* Og það getið þið, ef Jesús fær að vera ykkar ljós. Hann lætur ykkur fá meiri og meiri óbeit á myrkrinu, öllu því ljóta og vonda, á syndinni, bæði i hennar finni og grófgerðari myndum: á ólundinni, óánægjunni, möglunu, illindinu, óeinlægninni, ósannsöglinni, undirferlinu, öfundinni, ódrenglyndinu, lausmælginni og lubbaskapnum, kærleiksleysinu og miskunnarleysinu í orðum og gerðum. Alt þetta og margt fleira heyrir myrkrinu til, sem Jesús Kristur, frelsarinn ykkar, lætur ykkur hafa skömm á og kemur ykkur til þess að forðast, ef hann fær að kenna ykkur og hafa áhrif á ykkur. En um leið vex ljósið ykkar. Og fyrir ykkur eykst þá sólskinið í heiminum.

Er ekki dýrðlegt að hugsa til þess, að þið hafið verið með í því að auka sólskininið í heiminum? Eg hefði haldið það. Látið þá í Jesú nafni ljós ykkar lýsa öðrum mönnum, svo beir sjái góðverk ykkar, og vegsami föður ykkar á himnum. Amen!

GÖFUGLYNDI.

Lítill „götu-strákur“ komst inn á strætisvagn og náði sér í sæti. Hann lagðist út af og sofnaði undir eins. Spjarirnar fáu á kroppnum voru gauðrifnir garmar. Berir fæturnir, mórauðir og harðir. Andlitið kámugt. Hattgarmurinn hans datt af höfðinu, og sást þá hár-lubbi, sem leit út fyrir að greiða hefði aldrei komið í. Þarna lá hann sofandi með kollinn litla á hörðum bekknum. Ung stúlka, vel klædd og falleg og góðleg á svipinn, sat í bekknum rétt á móti. Hún laut að honum og stakk viðkvæmt mjúka handskjólinu sínu loðna undir höfuðið á honum. Maður, sem sat nálægt, kinkaði kolli til hennar, fór ofan í vasa sinn, tók upp peninga og fékk henni handa drengnum. Hið sama gerði sá næsti, og svo hver af öðrum, koll af kolli, þangað til hún, kafrjóð orðin í framan, var búin að fá, áður en hún vissi af, eitthvað hjá öllum í vagninum handa aummingja drengnum. Hún létt það svo í hattinn hans, og stakk honum undir höndina á honum. Þá dró hún með mestu varasemi handskjólið sitt undan kollinum á honum, benti vagnstjóra að nema staðar, og gekk út.

Stúlkan sú arna bjó til sólskin, og kom öðrum til þess að